

1. bekkur

Vinnulag samfélagsgreina

- Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.
- Geta miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.
- Geta tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.

Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Geta áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.
- Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
- Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
- Geta sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.
- Geta fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.
- Geta bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina

Siðferði og trú

- Geta áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- Geta velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
- Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Geta áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.

Borgaravitund

- Geta sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.
- Geta rætt um réttindi og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geti áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Geta bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærsamfélaginu.
- Geta sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Geta áttað sig á mikilvægi samhjálpur í samfélaginu.
- Geta þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
- Geta varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Geta sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.
- Geta rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.

Saga

- Geta áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.
- Geta átta sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Geta uppgötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.
- Geta nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- Geta sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.
- Geta komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Geta fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.

Jörðin okkar

- Geta áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta.
- Geta nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.
- Geta nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.
- Geta lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.
- Geta bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Geta nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.
- Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

- Lykilhæfni í samfélagsgreinum í 1. bekk

Tjáning og miðlun

- Nemendur segja frá sér og sínum hugmyndum á einfaldan hátt.
- Þeir hlusta á aðra og sýna kurteisi í umræðum og leik.

Sjálfstæði og samvinna

- Nemendur læra að vinna með öðrum og taka þátt í einföldum ákvörðunum í hóp.

Heilbrigði og velferð

- Nemendur læra um mikilvægi hvíldar, hreyfingar og góðra samskipta.

Lýðræði og mannréttindi

- Nemendur kynnast einföldum reglum og réttindum barna, t.d. í skóla og fjölskyldu.

Samfélagsgreinar – Kennsluaðferðir og námsmat 1.–4. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
1. bekkur	- leikir - samræður - frásagnir - smáfyrirlestur - sköpun - leitaraðferð - hópvinna - einstaklingsvinna - samvinna - söguaðferð - vettvangsferðir	- Halló heimur 1 - Halló heimur 2 - Barnasáttmálinn - Ýmsar bækur - ljósrituð hefti - efni af vef	-Leiðsagnarmat: reglulegar umsagnir, sjálfsmat og samtöl - Hæfni metin með táknum:  Framúrskarandi  Mjög góð hæfni  Góð hæfni  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð  Lokið  Ólokið